

# Reglur um frístundastyrki í Bláskógabyggð

## 1. gr.

### Markmið

Bláskógabyggð veitir foreldrum/forráðamönnum barna og ungmenna á aldrinum 5-17 ára frístundastyrki til greiðslu kostnaðar vegna þátttöku í skipulögðu frístundastarfi, svo sem íþrótt-, lista- og tómsundastarfi.

Meginmarkmið frístundastyrksins er að öll börn á aldrinum 5-17 ára í Bláskógabyggð geti tekið þátt í frístundastafi óháð efnahag eða félagslegum aðstæðum.

Velferð og hagur barna skal haft að leiðarljósi í frístundastarfi og skal það vera í samræmi við ákvæði laga og reglugerða er varða börn.

## 2. gr.

### Skilyrði fyrir veitingu styrks

Styrkur er veittur vegna frístundaiðkunar barna og ungmenna sem eiga lögheimili í Bláskógabyggð og eru á aldrinum 5 til 17 ára. Miðað er við fæðingarár. Iðkendur eiga rétt á styrk frá og með því ári sem 5 ára aldri er náð, til og með því ári sem 17 ára aldri er náð.

Börn sem flytja í Bláskógabyggð fá fullan styrk á því ári sem flutt er í sveitarfélagið.

## 3. gr.

### Fjárhæð styrks

Fjárhæð styrks er ákveðin af sveitarstjórn við gerð fjárhagsáætlunar ár hvert. Árið 2022 nemur fjárhæð styrks kr. 50.000. Sama gildir fyrir árið 2023.

Fjárhæð styrks getur ekki orðið hærri en sem nemur þáttökugjöldum.

Frístundastyrki er ekki heimilt að flytja á milli ára. Styrkur fellur niður sé hann ekki nýttur á því ári sem iðkun fer fram á.

## 4. gr.

### Fyrirkomulag styrkveitingar

Greiðslur frístundastyrks fara í gegnum stafrænt kerfi, frístundakerfið Hvata sem tengist Sportabler, skráningar- og greiðslukerfi. Við stafræna skráningu barns í starf hjá aðilum sem bjóða frístundastarf, innan eða utan Bláskógabyggðar, geta foreldrar valið að nýta styrkinn og draga hann frá þáttökugjöldum. Í þeim tilvikum þar sem ekki er um stafrænt skráningarkerfi að ræða skal skila kvittun fyrir greiðslu þáttökugjalda til íþrótt- og tómsundafulltrúa/verkefnastjóra Heilsueflandi samfélags svo að greiðsla á frístundastyrk geti átt sér stað.

## 5. gr.

### Skipulagt frístundastarf og styrkhæfi

Skipulagt frístundastarf þarf að uppfylla eftirtalin skilyrði til að teljast styrkhæft:

- Um þarf að vera að ræða skipulagt starf sem stundað er undir leiðsögn þjálfara, kennara eða leiðbeinanda.
- Ekki er áskilin tiltekin lágmarkslengd námskeiða.
- Starfsemi sem telst styrkhæf er starfsemi á vegum Íþrótt- og tómsfundafélaga, kórastarf og nám við leiklistar- tónlistar- og dansskóla. Einnig falla skipulögð námskeið, svo sem innan líkamsræktarstöðva, sjálfsstyrkingarnámskeið og önnur þau námskeið sem uppfylla skilyrði þessara reglna undir styrkinn. Stök líkamsræktarkort falla einnig undir styrkinn.
- Starfsemi sem ekki telst styrkhæf er viðvera eftir skóla.
- Aðili sem sinnir skipulögðu frístundastarfi skal gera samning við Bláskógabyggð.
- Aðild að frístundastyrknum má ekki verða til þess að gjaldskrár eða æfingagjöld hækki óeðlilega á milli ára.
- Íþróttafulltrúi/verkefnastjóri Heilsueflandi samfélags metur hvort aðilar sem bjóða upp á skipulagt frístundastarf uppfylli reglurnar og hvort skilyrði sem snúa að iðkendum séu uppfyllt. Álitamál, þar sem vafi leikur á styrkhæfi, skal bera undir æskulýðsnefnd.

#### 6. gr.

##### Samstarfssamningur

Aðilar sem sinna skipulögðu frístundastarfi og uppfylla ofangreindar reglur sækja samstarfssamning á heimasíðu Bláskógabyggðar. Íþrótt- og tómsfundafulltrúi/verkefnastjóri Heilsueflandi samfélags metur hverja umsókn um aðild og veitir aðilum sem uppfylla skilyrði aðgang að frístundastyrkjakerfinu.

#### 7. gr.

##### Uppgjör

Íþrótt- og tómsfundafulltrúi/verkefnastjóri Heilsueflandi samfélags fer með styrkuppgjör af hálfu Bláskógabyggðar. Styrkuppgjör til aðila er í fyrstu viku hvers mánaðar.

Aðilum að frístundastyrknum ber að skrá alla þátttakendur á hverju tímabili í frístundastyrkjakerfið, hvort sem þeir nýta frístundastyrkinn hjá viðkomandi aðila eða ekki.

Samþykkt af sveitarstjórn 17. ágúst 2022